



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	04. apríl 2024 kl 16:00	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Yfirlit

- Eldgosið heldur áfram og eru nú tveir gígar virkir. Landris hefur ekki mælst síðustu daga
- Almannavarnastig lækkað niður á hættustig
- Undanfarið hafa kviknað gróðureldar í kringum hraunbreiðuna en það er viðvarandi hætta á meðan þurrt er í veðri.
- Gasmengun berst til suðvesturs og síðar til vesturs og verður hennar líklega vart öðru hvoru í Grindavík og jafn vel í Höfnum. Hægt er að fylgjast með [gasmengunarspá](#) og [loftgæðum](#).
- Hraunjaðrar eru víða orðnir háir og getur glóandi hraun fallið úr hraunjaðrinum
- Hættumat óbreytt

Hættumat var uppfært 2. apríl og gildir að öllu óbreyttu til 9. apríl.

Upplýsingar frá Samhæfingarstöð

Uppfært 4. apríl kl 15:30

Almannavarnastig fært niður á Hættustig (3. apríl kl 22:15)

Gasmengun hefur verið að berast yfir byggð en er ekki yfir hættumörkum.

Verktakar vinna enþá við hækkun og styrkingu á varnargörðum.

Verið er að skoða með opnun Bláa lónsins. Lögreglustjóri ekki jákvæður í garð þess að heimila ferðamönnum að ganga að gosinu.

Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands


Uppfært 2. apríl kl 12:50

Eldgosið við Sundhnúksgígaröðina heldur áfram og nú eru tveir gígar virkir. Það slokknaði í þriðja gígnum um páskana, en hann var mun minni en hinir tveir. Gosórói er áfram stöðugur.

Landris í Svartsengi hefur ekki mælst síðustu daga sem bendir einkum til þess að kvikan safnist síður fyrir í kvikuhólfinu undir Svartsengi en flæði frekar beint út um gosopin.

Mögulega er komið á jafnvægi í aðstreymi kviku inn undir Svartsengi og upp úr gígnum, en jarðefnafræðimælingar gætu staðfest það á næstunni.

Sérfræðingar Landmælinga Íslands hafa unnið úr gervitunglagögnum frá 27. mars sem sýna að hraunbreiðan var þá 5,99 km² og rúmmál hrauns frá upphafi gossins 25,7 ± 1,9 mill. m³. Meðalflæði hrauns frá gígnum á tímabilinu 20. - 27. mars var metið 7,8 ± 0.7 m³/s en það er mjög sambærilegt við hraunflæðið í fyrsta fasa eldgossins í Geldingadölum 2021. Stefnt er að því að taka loftmyndir af svæðinu á næstu dögum til að fá uppfærðar tölur um hraunflæði frá 27. mars sem myndu varpa skýrara ljósi á virkni gossins. Meðfylgjandi kort sýnir útbreiðslu hraunsins og þykkt þess eins og það var 27. mars.




Mynd 1 Kort sem sýnir útbreiðslu og þykkt þess hrauns myndast hefur í eldgosinu sem nú stendur yfir. Fjölubláar þekjur sýna hraun sem hafa runnið á svæðinu frá desember 2023.

Gróðureldar í kringum hraunbreiðuna

Undanfarið hafa kviknað gróðureldar í kringum hraunbreiðuna en það er viðvarandi hættu á meðan þurrt er í veðri.

Hraunjaðrar eru víða orðnir háir og getur glóandi hraun fallið úr hraunjaðrinum og hröð og skyndileg framhlaup orðið þar sem nýjar hrauntungur brjótast fram úr hraunjaðrinum með miklum hraða.

Síðustu daga hafa tímabundið mælst há gildi af brennisteinsvetni í Grindavík. Veðurspáin í dag (þriðjudag) er norðaustan og síðar austan 5-13 m/s á gosstöðvunum. Gasmengun berst því til suðvesturs og síðar til vesturs og verður hennar líklega vart öðru hvoru í Grindavík og



Mynd 2 Spá um uppsafnaða gasmengun í 24 tíma frá kl 18:00 4. apríl



jafn vel í Höfnum. Austan og suðaustan 3-10 m/s á morgun (miðvikudag) og gasmengun berst því til vesturs og norðvesturs og gæti mælst víða á vesturhluta Reykjaness, þ.á m. í Reykjanesbæ. Gasdreifingarspá er hér.

Hættumat óbreytt

Hættumat hefur verið uppfært og gildir frá kl: 15:00 í dag (2.apríl) þangað til 9. apríl, að öllu óbreyttu. Engar breytingar eru á hættumatinu og áfram er hætta af völdum gasmengunar metin mikil á öllum svæðum nema Sundhnúksgígaröðinni (svæði 3) þar sem hún er metin mjög mikil. Hætta á svæði 4 (Grindavík) og svæði 6 eru áfram metin mikil vegna jarðfalls ofan í sprungu, sprunguhreyfinga, hraunflæðis og gasmengunar.

Frá Ferðamálastofu

Uppfært 2. mars kl 19:00

Fulltrúi Ferðamálastofu hefur fylgst með starfi í SST undanfarnar vikur.


Ferðamálastofa hefur tekið fimm TETRA talstöðvar og fjölgasmæla á leigu til þess að geta afhentt erlendum fréttamannateymum. Þetta er gert í samráði við kröfur Almannavarna varðandi aðgengi að hættusvæðum.

Ferðamálastofa hefur boðað fund með hópi til þess að skipuleggja stýringu á ferðamönnum á svæinu. Fyrsti fundur verður haldinn 10. apríl næstkomandi kl 10:00 í húsnæði Áfangastofu Reykjaness á Ásbrú. Eftirfarandi aðilar voru boðaðir til fundarinnis:

- Ferðamálastofa
- Grindavíkurbær
- Lögreglan á Suðurnesjum
- Áfangastofa Reykjaness
- Umhverfisstofnun
- Slysavarnafélagið Landsbjörg

Markmið stýrihópsins að tryggja að stýring ferðamanna sé sem öruggust, bæði í ljósi öryggis ferðamanna, umhverfisverndar og efnahags.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099.



Mynd 3 Hættumatskort Veðurstofu Íslands 17. mars 2024 https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_2april_2024.png